

Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 21. ágúst 2018  
UST201807-048/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 - Kröflulína 3. Tillaga að breytingu. Umsögn**

Vísað er til bréfs Fljótsdalshéraðs dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.


Kröflulína 3 mun víkja frá Kröflulínu 2 á um 10 km kafla austan Jökulsár á Fjöllum í stað þess að línurnar liggja í línustæði Kröflulínu 2.


Helstu áhrif breytingarinnar eru talin verða minni sjónræn áhrif en ef línurnar væru á núverandi línustæði. Land er þarna lítt gróið þannig að áhrif á gróðurfar verða ekki teljandi og áhrif á landslag verða minni en ef línan væri samsíða Kröflulínu 2 á þessum kafla. Hér er ekki um að ræða svæði þar sem mest áflugshætta er talin vera.

Með hliðsjón af ofangreindu gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri